

Fjölbrautaskóli Snæfellinga (FSN) kt. 470104-2010 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig FSN uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlunargerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2.gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því.

Yfirstjórn skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans, staðfestir skólanámskrá, veitir umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun auk samráðs og eftirlits með starfi skólans. Við skólann starfar námsráðgjafi, fjármálastjóri, deildarstjóri starfsbrautar, deildarstjóri framhaldsdeildar á Vestfjörðum, ritari, húsvörður, kerfisstjóri, 3 ræstitæknar, 3 stuðningsfulltrúar og 19 framhaldsskólakennarar.

Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfs gagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar. Þrír af kennurum skólans eru í MA-námi en það er í stefnu skólans að styðja við bakið á starfsfólki sínu þannig að það geti bætt við sig menntun, þekkingu og reynslu, meðfram starfi.

3. Viðfangsefni

FSN stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur í starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

Skólanámskrá og stefnumörkun skólans birtist á vef hans og þar má einnig finna tölulegar upplýsingar. Upplýsingar um áfanga og námsframboð eru birtar á vefsíðu FSN og eru í stöðugri þróun.

<http://www.fsn.is/umskolann/hlutverkogstefna/>

<http://www.fsn.is/sjalfsmat/skolinnitolum/>

<http://www.fsn.is/namsframboð/>

b. Skólabragur

Markmið skólans er að skapa metnaðarfullt námsumhverfi þar sem komið er til móts við þarfir hvers og eins með sveigjanlegu skipulagi. Við leggjum áherslu á persónuleg samskipti starfsfólks og nemenda og að nemendur mæti ávallt alúðlegu viðmóti. FSN rekur framhaldsdeild á Patreksfirði fyrir um 25 nemendur í dreifnámi. Nemendur framhaldsdeildarinnar koma u.þ.b. einu sinni í mánuði til Grundarfjarðar í námsferðir auk þess að taka þátt í viðburðum í félagslífinu. Þessi blanda gerir það að verkum að skólabragurinn er annar hér í Grundarfirði þegar á heimsóknnum stendur heldur en hann er annars vegar á Patreksfirði og hins vegar í Grundarfirði án Vestfirðinganna. Mikilvægt er að kennarar nái nöfnum nemenda við framhaldsdeildina því fátt fer meira í taugar nemendanna en að vera ávarpaðir í fjarfundi sem Vestfirðingar.

<http://www.fsn.is/namogkennsla/>

Fjölbrautaskóli Snæfellinga starfar í umhverfi sem hefur markað sér stefnu í umhverfismálum. Umhverfisstefnu skólans má nálgast á vef skólans:

<http://www.fsn.is/umskolann/hlutverkogstefna/umhverfisstefna/>

Skólinn leggur áherslu á að byggja upp öflugt og heilbrigt félagslíf nemenda um leið og unnið er markvisst að forvörnum. Í þessu skyni hefur skólinn sett fram forvarnastefnu og hefur auk þess sett sér nákvæmar vinnureglur er varða eftirlit á samkomum og ferðum á vegum skólans. FSN tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli þar sem skólaárið 2012 – 2013 er helgað hreyfingu.

<http://www.fsn.is/umskolann/hlutverkogstefna/forvarnastefna/>

Skólinn leitast við að gæta jafnréttis á öllum sviðum og að skapa jákvætt samfélag fyrir starfsfólk og nemendur. Með þetta markmið í huga hefur skólinn sett sér sérstaka jafnréttisstefnu.

<http://www.fsn.is/umskolann/hlutverkogstefna/jafnrettisstefna/>

c. Innritun og brotthvarf

Inntaka. Allir nýútskrifaðir grunnskólanemendur á upptökusvæði skólans sem sækja um eru teknir í FSN. Nemendur koma frá Snæfellsbæ, Grundarfirði, Stykkishólmi, Helgafellssveit, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Skólinn hefur fengið um 80% af hverjum árgangi í skólann og stefnir að því að vera ekki undir því hlutfalli.

Upplýsingar um inntökuskilyrði að finna á heimasíðu skólans.

<http://www.fsn.is/kennsluhaettir/inntokuskilyrði/>

Gert hefur verið yfirlit yfir brottfall í skólanum sem byggir á samanburði á skráðum einingum og einingum til prófs. Brottfallið hefur verið um 4%.

d. Kennslufyrirkomulag

Hægt er að lesa um kennslufyrirkomulag á heimsíðu FSN.

<http://www.fsn.is/namogkennsla/>

e. Nemendur með sérþarfir

Við FSN er rekinn starfsbraut fyrir nemendur með fötlun. Á starfsbrautinni eru unnar einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur brautarinnar. Starfsmenn brautarinnar vinna með einstaka nemendur brautarinnar inn í almennum námshópum. Nokkrir nemendur njóta stuðnings frá starfsmönnum brautarinnar þó svo að þeir séu skráðir á almennabraut í FSN. Nemendur með annað tungumál en íslensku hefur verið boðið upp á fyrstu tvo áfangana í ÍSA auk viðbótar stuðnings í áföngum eins og NÁM þar sem þeir fá almennan stuðning. Þar sem FSN er byggður sem bóknámsskóli þar sem ekki var gert ráð fyrir að námið útheimti svo mikið sem pensil, hamar, sög, saumavél eða hvað þá hrærivél og því hefur ekki verið hægt að bjóða nemendum verklega áfanga að neinu marki. Þörfin fyrir fjölbreyttara námsvali er mjög áberandi þar sem alltof stór hópur finnur ekki nám við hæfi við skólann. *Reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum* er með öðrum orðum uppfyllt fyrir nemendur með fötlunargreiningu en vart fyrir aðra sem eiga rétt á námi við hæfi samkvæmt lögum og reglugerðum.

f. Mat og eftirlit með gæðum

Að innra mati er unnið á hverri önn og hægt er að kynna sér sjálfsmatsskýrslur síðustu ára á vef skólans. Árið 2007 var gerð ytri úttekt á starfsemi FSN og hana er hægt að nálgast á slóðinni <http://www.fsn.is/sjalfsmat/ymsarupplýsingar/> ásamt úttekt á framhaldsdeild skólans á Patreksfirði.

<http://www.fsn.is/sjalfsmat/sjalfsmatsskyrslur/>

<http://www.fsn.is/sjalfsmat/ymsarupplýsingar/>

4. Sérstök rekstrarverkefni

Engin.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem unnið er að í þágu einstakara markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

a. Markmið

Markmið FE eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt.

b. Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni FSN styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárfstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.

6.Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FE. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. Framhaldsskóli Snæfellinga

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykkt áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávíka og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfíð.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á

reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.

- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.


7. Gildistími og endurskoðun


Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2014.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík 22/2 2013
Staður og dagsætning


Mennta- og menningarmálaráðherra


Skólameistari

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013 og 2014 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Markmið

1. Að fjölga ársnemum við FSN úr 196 2012 í 210 á árunum 2013 – 2014.
Þessu markmiði verði náð m.a. með:
 - i. Markvissum kynningum fyrir foreldra/forráðamenn og nemendur efstu bekkja grunnskóla á upptökusvæði skólans.
 - ii. Kynningum á dreifnámi skólans fyrir 18 ára og eldri óháð búsetu.
 - iii. Með enn frekari kynningu á umhverfis- og auðlindabraut, sem er samstarfsverkefni þriggja framhaldsskóla.
2. Skólinn framkvæmir árlegar viðhorfskannanir meðal nemenda skólans í því augnamiði að kanna líðan þeirra og viðhorf til skólans. Markmið skólans er að:
 - i. Hækka hlutfall þeirra sem segjast líða mjög vel eða vel í skólanum úr 87% vorið 2012 í 92% á samningstímanum.
 - ii. Hækka hlutfall þeirra sem eru mjög ánægðir eða ánægðir með að vera í FSN úr 88% vorið 2012 í 92% á samningstímanum.
3. Að auka námsframboð svo fleiri fái nám við hæfi með því að koma á námi til framhaldsskólaprófs á samningstímanum.
 - a. Hefja samstarf við fyrirtæki á svæðinu og þróa vinnustaðanám í tengslum við bóklegt nám í FSN, á samningstímanum.
4. Að vinna að innleiðingu laga nr.92/2008 á samningstímanum
 - i. Vinna við brautarlýsingar og skipulag brauta verður lokið í apríl 2013.
 - ii. Vinnu við áfangalýsingar sem taka mið af grunnþáttunum verður lokið í febrúar 2014.
 - iii. Í febrúar 2014 verður sótt um til ráðuneytisins um leyfi til þess að innrita nemendur samkvæmt lögum nr.92/2008.
5. Að reksturinn skili jákvæðri niðurstöðu miðað við fjárlög 2013-2015.